

Frumvarp til laga

um bardagaíþróttir.

Flm.: Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Óli Björn Kárason, Vilhjálmur Árnason,
Hildur Sverrisdóttir, Teitur Björn Einarsson, Diljá Mist Einarisdóttir.

1. gr.

Óheimilt er að stunda eða skipuleggja keppnisleiki í bardagaíþróttum sem gera þátttakendum kleift að slá viljandi í höfuð andstæðingsins með höggi, spyrnu eða öðru afli án leyfis samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Leyfi til skipulagningar bardagaíþróttaleikja má aðeins veita ef reglur íþróttarinnar tryggja keppendum viðunandi öryggi.

Leyfi er veitt fyrir einn eða fleiri bardagaíþróttaleiki. Heimilt er að veita leyfi til ákveðins tíma.

Hafi breyting verið gerð á keppnis- eða öryggisreglum bardagaíþróttar eftir að leyfi hefur verið gefið út og leyfishafi vill að nýjum reglum eða reglugerðum verði beitt innan ramma leyfisins skal hann sækja um leyfi að nýju.

Ráðherra sem fer með íþróttamál er heimilt í reglugerð að setja frekari skilyrði fyrir leyfisveitingu.

3. gr.

Ráðherra sem fer með íþróttamál veitir leyfi samkvæmt lögum þessum.

Umsókn um leyfi skv. 2. gr. skal vera skrifleg og berast eigi síðar en tveimur mánuðum áður en bardagaíþróttaleikur hefst.

Í umsókn um leyfi til að skipuleggja einn eða fleiri bardagaíþróttaleiki skulu koma fram upplýsingar um skipuleggjanda viðburðarins, hvenær og hvar mót eða leikur er haldinn, svo og keppnis- og öryggisreglur bardagaíþróttarinnar sem um ræðir.

Í umsókn um leyfi til að skipuleggja bardagaíþróttir í ákveðinn tíma skulu koma fram upplýsingar um keppnis- og öryggisreglur bardagaíþróttarinnar sem um ræðir og upplýsingar um hvernig eftirliti er háttað innan bardagaíþróttarinnar. Einungis samtök eða félag sem hafa það að markmiði að efla ástundun og keppni í bardagaíþróttum geta hlotið leyfi til skipulagningar bardagakeppni í ákveðinn tíma. Við fyrstu umsókn um leyfi samkvæmt þessari málsgrein skulu einnig fylgja samþykktir fyrir þau samtök eða félag sem sækir um leyfið.

Leyfisveitanda er heimilt að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum um leyfisskyldan viðburð sé þess óskað. Jafnframt á leyfisveitandi ávallt rétt á að fá aðgang að bardagaíþróttaleik.

4. gr.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir meðferð umsóknar um leyfi samkvæmt lögum þessum. Ráðherra sem fer með íþróttamál er heimilt að setja reglur um fjárhæð gjaldsins.

5. gr.

Leyfisveitandi hefur, að því marki sem nauðsyn krefur, eftirlit með bardagaíþróttaleikjum sem haldnir eru á grundvelli leyfis samkvæmt lögum þessum. Eftirlitið felur í sér að tryggja að farið sé eftir fyrirmælum laga og skilyrðum leyfisins. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd eftirlits með bardagaíþróttaleikjum.

6. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um öryggisráðstafanir í húsnæði sem hýsir bardagaíþróttaleiki. Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með íþróttáhöldum og öðrum búnaði sem notast er við í bardagaíþróttum.

7. gr.

Ef leyfishafi rýfur í verulegum atriðum skilyrði þau sem honum hafa verið sett skv. 2. gr. getur leyfisveitandi veitt áminningu eða afturkallað leyfi í heild eða að hluta.

Ef leyfishafi brýtur gegn skyldu sinni til að veita leyfisveitanda upplýsingar og gögn skv. 3. gr. eða synjar honum um aðgang að bardagaíþróttaleik getur leyfisveitandi veitt áminningu eða afturkallað leyfi í heild eða að hluta.

Ákvörðun um afturköllun leyfis tekur þegar í stað gildi nema um annað sé mælt í ákvörðuninni.

8. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi skipuleggur bardagaíþróttaleik skv. 1. gr. eða brýtur gegn skilyrðum skv. 2. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef um stórfellt brot er að ræða.

Hver sá sem af ásetningi eða gáleysi tekur þátt í bardagaíþróttaleik sem haldinn er án leyfis samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum. Hið sama á við um þann sem:

- a. styrkir leikinn eða útvegar honum húsnæði,
- b. í starfi umboðsmanns keppanda gerir samning um leikinn eða stuðlar að gerð slíks samnings, eða
- c. dæmir slíkan viðburð.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2024.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um að banna hnefaleika, nr. 92/1956.

10. gr.

Við gildistöku laga þessara bætist ný málsgrein við 218. gr. c almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, svohljóðandi:

Eflíkamsárás er framin í keppnisleik í bardagaíþrótt sem hlotið hefur leyfi samkvæmt lögum um bardagaíþróttir og verknaður varðar við 217. og 218. gr. verður ekki refsað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 153. löggjafarþingi (970. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Með lögum nr. 92/1956 voru hnefaleikar bannaðir og varðar brot gegn ákvæðum laganna sektum. Með lögum nr. 9/2002 voru áhugamannahnefaleikar aftur á móti heimilaðir. Óumdeilt er að grundvallarmunur er til staðar á bardagaíþróttum sem frumvarp þetta tekur til og öðrum tegundum íþróttar, enda hafa þær bardagaíþróttir sem falla undir gildissvið frumvarpsins, til að mynda hnefaleikar og blandaðar bardagaíþróttir, þann tilgang og markmið að keppendur veiti hver öðrum högg eða spörk, m.a. í höfuð. Af því leiðir að umræddar íþróttir eru hættulegri en hefðbundnar íþróttagreinar sem ekki hafa slíkan tilgang. Aftur á móti er það ekki svo að aðrar íþróttagreinar séu hættulausar, enda geta alvarleg slys eða dauðsföll átt sér stað í fjölda íþróttar, þrátt fyrir að markmið þeirra sé ekki að veitast að andstæðingi með höggum eða spörkum. Má þar til að mynda nefna knattspyrnu, hestaíþróttir og akstursíþróttir. Það eitt að þau högg eða spörk sem valdið geta meiðslum við iðkun bardagaíþróttar séu framkvæmd af ásetningi eru ekki haldbær rök fyrir því að banna skuli bardagaíþróttir. Fyrir slaðan íþróttamann breytir engu hvort meiðslunum hafi verið valdið af ásetningi andstæðingsins eða ekki, hinir líkamlegu áverkar eru þeir sömu óháð huglægri afstöðu andstæðingsins.

Eigi að síður er rétt að líta til sérstöðu bardagaíþróttar við lögleiðingu þeirra. Því er í frumvarpinu lagt til að öll keppni þar sem þátttakendum er gert kleift að sparka eða slá í höfuð andstæðingsins verði háð leyfi hins opinbera. Skilyrði slíkra leyfisveitinga er að keppendum sé tryggt viðunandi öryggi. Jafnframt er mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja leyfisveitingu frekari skilyrði með það í hyggju að tryggja öryggi keppenda.

Ekki er um það deilt að heilsutjón geti hlotist af iðkun bardagaíþróttar, en það eitt og sér réttlætir ekki skerðingu á frelsi einstaklingsins til þess að iðka þá íþrótt sem honum hugnast. Jafnframt ber að hafa í huga að í banni við bardagaíþróttum felst einnig skerðing á atvinnufrelsi fólks, sem nýtur verndar 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, og óheimilt er að takmarka það frelsi nema með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess. Í ljósi þess að flest vestræn ríki heimila þær bardagaíþróttir sem frumvarp þetta tekur til, m.a. Danmörk og Svíþjóð, er vandséð að almannahagsmunir á Íslandi krefjist þess að þær séu bannaðar, á meðan slíkir almannahagsmunir virðast almennt ekki vera til staðar í öðrum ríkjum. Ekki verður séð að knýjandi rök séu til staðar sem réttlæti fortakslaut bann við þeim bardagaíþróttum sem frumvarp þetta tekur til. Mikilvægt er að stjórnarskrárvarin mannréttindi borgaranna séu ekki takmörkuð frekar en þörf er á og ávallt sé leitast við að tryggja frelsi einstaklinga til athafna. Frumvarp þetta er byggt að miklu leyti á sænskri löggjöf um bardagaíþróttir (*Lag 2006:1006 om tillståndsplikt för vissa kampsportsmatcher*) sem hefur reynst vel þar í landi og ekki tilefni til annars en að ætla að það sama eigi við á Íslandi.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Mælt er fyrir um að keppni í öllum bardagaíþróttum sem heimila þátttakendum að slá viljandi í höfuð andstæðingsins með höggi, spyrnu eða öðru afli verði óheimil án leyfis sem veitt er skv. 2. og 3. gr. Með orðasambandinu „öðru afli“ er m.a. átt við að skalla andstæðinginn eða nota hvers konar búnað til að slá í höfuð hans. Má þar sem dæmi nefna hnefaleika og blandaðar bardagalistir. Aðrar bardagaíþróttir, svo sem karate, júdó, glíma o.fl., falla ekki undir gildissvið laganna, enda er keppendum þeirra ekki heimilt að slá viljandi í höfuð andstæðingsins.

Ákvæðið tekur einungis til keppnisleikja. Lögnum er ekki ætlað að breyta því hvernig æfingum er háttað í þeim bardagaíþróttum sem um ræðir.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að það sé skilyrði fyrir leyfi að reglur íþróttarinnar tryggi keppendum viðunandi öryggi. Við ákvörðun um leyfisveitingu skal líta til þess hvaða ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja að öryggisreglum bardagaíþróttar sé framfylgt. Til þess að unnt sé að meta hvort reglur bardagaíþróttar veiti keppendum viðunandi öryggi skulu þær innihalda upplýsingar um keppnis- og öryggisreglur, búnað, verklag eftir rothögg, eftirfylgni eftir leik, lengd leiks og aldurstakmark.

Heimilt er að veita leyfi fyrir fleiri en einn bardagaleik í sömu leyfisveitingunni. Á það m.a. við um mót. Keppnis- og öryggisreglur mótsins þurfa í meginatriðum að vera þær sömu fyrir alla leiki á viðkomandi móti. Einungis minni háttar frávík mega eiga sér stað. Að öðrum kosti þarf að sækja um leyfi fyrir hvern bardagaleik eða hvern hóp slíkra leikja þar sem sömu reglum er beitt í meginatriðum. Ávallt skal tilgreina hámarksfjölda bardagaleikja sem leyfi á að ná til.

Jafnframt er heimilt að veita samtökum eða félögum leyfi til ákveðins tíma, óháð fjölda bardagaleikja. Þess konar leyfi gerir samtökum eða félögum kleift að skipuleggja bardagaleiki án þess að sækja þurfi um leyfi fyrir hvern einstakan leik. Felur það í sér mikið hagræði, bæði fyrir leyfishafa og leyfisveitanda. Þá er kveðið á um að hafi breyting á keppnis- eða öryggisreglum bardagaíþróttar sem hlotið hefur leyfi verið gerð eftir að leyfið var veitt skuli leyfishafi sækja um að nýju. Leyfishafi ber ábyrgð á því að reglur íþróttarinnar séu í samræmi við þær forsendur sem leyfi var veitt fyrir.

Um 3. gr.

Ráðherra sem fer með íþróttamál er leyfisveitandi samkvæmt frumvarpinu. Gerð er sú krafa að leyfisumsókn sé skrifleg og berist eigi síðar en tveimur mánuðum áður en leikur hefst. Með umsókn um leyfi til að skipuleggja tiltekinn fjölda bardagaíþróttaleikja skulu ávallt fylgja greinargóðar upplýsingar um staðsetningu leiksins eða leikjanna og hvenær keppni fer fram. Jafnframt þurfa að fylgja upplýsingar um skipuleggjanda keppinnar. Sé um einstakling að ræða þarf nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer hans að fylgja umsókn. Ef skipuleggjandi er lögaðili skal hann veita sömu upplýsingar um þann sem kemur fram fyrir hans hönd. Einnig þarf að koma fram nafn, kennitala og heimilisfang lögaðilans.

Einungis samtök eða félög sem hafa það að markmiði að efla ástundun og keppni í bardagaíþróttum geta hlotið leyfi til að skipuleggja bardagaíþróttaleiki í tiltekinn tíma eða þar til annað verður tilkynnt. Fyrir útgáfu slíks leyfis er gerð sú krafa að umsækjandi veiti leyfisveitanda upplýsingar um keppnisreglur og öryggisreglur, samþykktir samtakanna eða félagsins og hvernig eftirliti er háttað með þeim bardagaíþróttaleikjum sem skipulagðir eru af samtökunum eða félaginu. Rétt er að túlka ákvæðið rúmt og er ekki gerð sú krafa að efling bardagaíþróttar sé eina eða meginmarkmið félagsins.

Leyfisveitanda er heimilt að kalla eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjanda. Slíkar upplýsingar geta til dæmis verið nánari skýringar á þeim upplýsingum sem umsækjandi hefur þegar skilað inn eða upplýsingar um aðild umsækjanda að alþjóðlegum íþróttahreyfingum. Láti umsækjandi hjá líða að veita viðbótarupplýsingar samkvæmt ákvæðinu er leyfisveitanda heimilt að afgreiða umsóknina í núverandi ástandi.

Um 4. gr.

Ráðherra getur samkvæmt ákvæðinu sett reglugerð sem kveður á um heimild leyfisveitanda til þess að innheimta gjöld vegna kostnaðar sem hlýst af meðferð leyfisumsóknar og útgáfu leyfis.

Um 5. gr.

Leyfisveitandi hefur, að því marki sem nauðsyn krefur, eftirlit með bardagaíþróttaleikjum sem haldnir eru á grundvelli leyfis skv. 3. gr. Þegar um er að ræða leyfi sem veitt hefur verið til samtaka eða félags til ákveðins tíma, sbr. 2. mgr. 2. gr., yrði eftirlit að mestu á hendi leyfishafa sjálfs, enda hafi hann tilkynnt hvernig eftirliti með bardagaíþróttaleikjum er háttað.

Um 6. gr.

Með ákvæðinu er ráðherra veitt heimild til þess að setja sérstakar reglur um öryggisráðstafanir í þeim mannvirkjum þar sem keppni í bardagaíþróttum fer fram sem og reglur um eftirlit með þeim búnaði og áhöldum sem notuð eru við iðkun bardagaíþróttanna. Um er að ræða sambærilega heimild og í 14. gr. íþróttalaga, nr. 64/1998.

Um 7. gr.

Með ákvæðinu er leyfisveitanda veitt heimild til afturköllunar á leyfi ef í ljós kemur að leyfishafi hefur brotið gegn skilyrðum sem leyfið kveður á um. Áskilið er að brot leyfishafa gegn skilyrðum leyfis sé verulegt. Í því felst að minni háttar frávik frá skilyrðum leyfisins sem ekki hafa áhrif á öryggi þátttakenda ættu ekki að valda því að leyfi verði afturkallað.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er mælt er fyrir um refsíabyrgð skipuleggjanda bardagaíþróttaleiks vegna brota gegn 1. og 2. mgr. laganna sem framin eru af ásetningi eða gáleysi. Brot geta varðað sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum. Keppendur í bardagaíþróttaleik sem haldinn er í bága við 1. og 2. gr. laganna geta sætt sektum. Sama á við um þann sem styrkir leikinn eða útvegar honum húsnæði, gerir samning um leikinn í starfi umboðsmanns eða stuðlar að gerð slíks samnings eða dæmir leikinn. Rök eru fyrir því að skipuleggjandi ólögmæts bardagaíþróttaleiks hljóti almennt þyngri refsingu en keppandi leiksins. Í fyrsta lagi er það skipuleggjandi bardagaíþróttaleiksins sem er leyfishafi skv. 3. gr. og honum ber að afla leyfisins og tryggja að skilyrði laganna séu uppfyllt. Jafnframt fer skipuleggjandi ávallt með eftirlit með því að skilyrði leyfisins séu uppfyllt. Í öðru lagi eru það keppendurnir sjálfir sem bíða helst tjón af því að reglum laganna sé ekki fylgt, enda er markmið laganna fyrst og fremst að tryggja öryggi þeirra.

Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um refsíabyrgð þeirra sem hafa beina aðkomu að bardagaíþróttaleik, en teljast þó hvorki skipuleggjendur leiksins né keppendur.

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um undantekningu á 218. gr. c almennra hegningarlaga þegar háttsemi sem fellur undir þau ákvæði eiga sér stað í bardagaíþróttaleik sem hlotið hefur leyfi skv. 3. gr. frumvarpsins. Í gildandi lögum veldur samþykki til líkamsárásar því að háttsemi sem fellur undir ákvæði 217. gr. er refsilaus. Hins vegar er líkamsárás skv. 218. gr. refsiverð óháð samþykki brotþola. Ef líkamsárás hefur alvarlegar afleiðingar, svo sem beinbrot, yrði árás að óbreyttu refsiverð þrátt fyrir að bann við hnefaleikum væri fellt úr gildi. Því er nauðsynlegt að breyta hegningarlögum á þann veg að líkamsárás, sem samþykki er veitt fyrir með þátttöku í bardagaíþróttaleik, verði refsilaus hafi umræddur bardagaíþróttaleikur hlotið leyfi skv. 3. gr.